



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

miðvikudagur, 21. apríl, 2015

Ákvörðun nr. 7/2015

### **Kaup Sensa ehf. á Basis ehf.**

#### **I.**

Með bréfi frá Lögviti, dags. 16. mars 2015, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Sensa ehf. (Sensa) á öllu hlutafé í Basis ehf. (Basis). Bréfinu fylgdi samrunatilkynning, í samræmi við 6. og 7. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, s.s. svokölluð styttri samrunatilkynning. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela umrædd kaup í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 enda veltuskilyrði ákvæðisins uppfyllt. Frestur Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 1. mgr. 17. gr. d. laganna byrjaði því að líða frá og með 17. mars sl.

#### **II.**

Í samrunatilkynningunni kemur fram að samrunaaðilar starfi einkum á upplýsingatæknimarkaði. Um aðalstarfsemi Sensa segir „*Sensa býður upp á þjónustu á sviði netlausna og er starfsemi Sensa einkum á sviði samþættingar og rekstur samskiptalausna s.s. við- og staðarneta, öryggi netkerfa, IP símalausna og símpjónustusetra. Þjónustuframboðið felst meðal annars í ráðgjöf, hönnun, tæknilegri þjónustu og rekstri, sölu búnaðar, samningum sem tryggja aðgengi að varabúnaði, aukinni ábyrgð á búnaði og aðgengi að tæknilegri þjónustu og lausnum og fræðslu og námskeiðum er varðar samskiptalausnir. Þá sinnir félagið hýsingu og rekstri tölvukerfa fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum.*“ Tilgangur Sensa „*....er ráðgjöf, innflutningur, sala og þjónusta vél- og hugbúnaðar í upplýsingakæni, ásamt öllum skyldum rekstri. Ennfremur kaup og sala húsnæðis, rekstur húsnæðis, kaup og sala verðbréfa og lánastarfsemi.*“

Ennfremur segir í tilkynningunni að starfsemi Basis sé einkum á sviði „*....aðstoðar við rekstur tölvukerfa, alt frá því að veita ráðgjöf í afmörkuðum, flóknari verkefnum yfir í að sjá alfarið um hýsingu or rekstur tölvukerfisins.*“ Sensa er í eigu Símans hf.

#### **III.**

Við mat á þeim mörkuðum sem áhrifa gætir vegna þessa samruna hefur rannsókn Samkeppniseftirlitsins leitt í ljós að samlegðaráhrif eru einkum á markaði fyrir hýsingu og rekstur tölvukerfa sem er undirmarkaður upplýsingatæknimarkaðar. Lítila áhrifa gætir á örðum mörkuðum sem annað eða bæði fyrirtækin eru starfandi á. Á upplýsingatæknimarkaði er starfandi nokkur fjöldi fyrirtækja sem jafnframt veita þjónustu á þeim markaði sem áhrifa samrunans gætir. Þeirra stærst eru Advania hf., Nýherji hf.,



Opin Kerfi hf. og Þekking – Tristan hf. Jafnframt eru starfandi 5-10 smærri fyrirtæki sem veita þjónustu á þessum markaði.

Það er mat samrunaaðila að hlutdeild þeirra á upplýsingatæknimarkaði sé undir 5% ef tekið er tillit til markaðarins í heild, en samkvæmt Hagstofu Íslands var heildarvelta á upplýsingatæknimarkaði um eða yfir 84 milljörðum króna árið 2014 og samanlögð velta samrunaaðila í Íslandi það ár var um 3,5 milljarðar króna, á meðan samanlögð velta stæðstu keppinauta, sem eru taldir upp hér að framan, á markaði var yfir 30 milljarðar.

Ekki liggur fyrir hver nákvæm skipting hjá helstu keppinautum er á hinum ýmsu undirmörkuðum fyrir upplýsingatækni en þó virðist ljóst að þrátt fyrir að staða Sensa á þeim markaði sem áhrifa gætir styrkist að einhverju leyti við samrunann, þá mun hann ekki hafa afgerandi áhrif á samkeppni á þessum markaði. Liggja ástæður þess helst í því að fyrir eru á markaðinum öflugri keppinautar sem munu veita Sensa samkeppnislegt aðhald.

#### IV.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að framangreindur samruni muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Sameiginleg markaðshlutdeild umræddra fyrirtækja á þeim markaði sem um ræðir bendir sem slík ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til. Þá ber að hafa í huga að litlar aðgangshindranir eru að viðkomandi markaði. Því til stuðnings má t.a.m. benda á að töluverðar breytingar hafa verið á upplýsingatæknimarkaði undanfarin ár og hlutdeild og staða fyrirtækja breyst hratt frá einu tímabili til annars, sér í lagi með örri tækniþróun. Með vísan til alls þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að fyrir hendi sé töluvert samkeppnislegt aðhald á markaðnum.

Að öllu framansögðu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins og upplýsingum frá keppinautum er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Basis og Sensa á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

#### Ákvörðunarorð:

**„Í kaupum Sensa ehf. á öllu hlutfé í Basis ehf. felst samruni. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans.“**



Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson